



Rangárþing eystra

FUNDARGERÐ

87. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn í slökkvistöðinni á Hellu, mánudaginn 3. mars 2025 og hófst hann kl.
08:15.

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Þráinn Ingólfsson, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Valtýr Valtýsson, Leifur Bjarki Björnsson og Jón Guðmundur Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Anton Kári Halldórsson, Formaður.

Dagskrá:

1. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Ársreikningur 2024 - 2502063

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2024. Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins var jákvæð á árinu 2024 að fjárhæð 14,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Jákvæð rekstrarniðurstaða skýrist aðallega af tilfærslu á milli ára í fjárfestingu á björgunarbúnaði t.d. reykköfunartækjum ofl. Eigið fé í árslok var jákvætt um 74,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

2. Umræður vegna bílamála - 2502066

Rætt um stöðu bílamála hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu. Nú í janúar bilaði Dodge Ram árg. 1999, sem staðsettur er í slökkvistöðinni á Hellu. Kom í ljós að mótór fór í bílnum og áætlaður kostnaður við viðgerð umtalsverður. Rætt um möguleika þess að gera við núverandi bíl eða fjárfesta í nýjum sérútbúnum bíl. Í ljósi mikils kostnaðar við viðgerð á bílnum, aldurs og almenns ástand hans, telur stjórn ekki skynsamlegt og hagkvæmt að ráðast í endurbætur á honum. Búnaður þess bíls kemur til með að nýtast áfram á nýjum bíl. Stjórn samþykkir að nýr bill verði keyptur, en fyrir liggur tilboð í Ford 550 að upphæð 17.360.000 kr. Lagður verður fram viðauki við fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu þegar nákvæmari kostnaðaráætlun liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "LBB", "H", "1", and "AI".


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:25




Anton Kári Halldórsson



Eggert Valur Guðmundsson




Práinn Ingólfsson




Margrét Jóna Ísólfsdóttir



Valtýr Valtýsson



Leifur Bjarki Björnsson



Jón Guðmundur Valgeirsson